

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 70/2007**

**frá 29. júní 2007**

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan  
marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 86. og 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2005 frá 21. október 2005 <sup>(1)</sup>.
- 2) Rétt er að auka samstarf samningsaðilanna þannig að það taki til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1692/2006 frá 24. október 2006 um að koma á annarri Marco Polo-áætlun um veitingu fjárhagsaðstoðar Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo II-áætlunin) <sup>(2)</sup>.
- 3) Af þessum sökum ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta aukna samstarf geti átt sér stað frá 1. janúar 2007 að telja.
- 4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) <sup>(3)</sup> stendur núna undir fyrirsögninni Umhverfismál í 3. gr. bókunar 31 við samninginn.
- 5) Tilvísun til reglugerðar (EB) nr. 1382/2003 á betur heima undir fyrirsögninni „Flutningar“ og ber því að færa reglugerð (EB) nr. 1382/2003 undir 12. gr. bókunar 31 við samninginn.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði 12. gr. bókunar 31 við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í 4. mgr. 13. gr. bókunar 31 við samninginn:
  - i) Texti 2. mgr. skal endurtölusettur sem 4. mgr.; í stað eldra textans komi eftirfarandi:

„EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til þeirra aðgerða og áætlana sem um getur í 1., 2. og 3. mgr. í samræmi við a-lið 1. mgr. 82. gr. samningsins.“
  - ii) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„2. EFTA-ríkin skulu taka þátt í eftirfarandi áætlun frá 1. janúar 2004:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 14, 19.1.2006, bls. 24, og EES-viðbætur nr. 4, 19.1.2006, bls. 6.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1.

- **32003 R 1382**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) (Stjtið. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1), eins og henni var breytt með:
  - **32004 R 0788**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 788/2004 frá 21. apríl 2004 (Stjtið. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17).

3. EFTA-ríkin skulu taka þátt í eftirfarandi áætlun frá 1. janúar 2007:

- **32006 R 1692**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1692/2006 frá 24. október 2006 um að koma á annarri Marco Polo-áætlun um veitingu fjárhagsaðstoðar Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo II-áætlunin) og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1382/2003 (), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 65, 3.3.2007, bls. 12.“

iii) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir hinni nýju 4. mgr.:

- „5. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í starfi EB-nefnda sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun, mótun og framkvæmd bandalagsáætlana sem um getur í 2. og 3. mgr.“

2. Texti c-liðar 7. mgr. 3. gr. bókunar 31 við samninginn falli brott.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2007 að telja.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. júní 2007.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**A. Scatter**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.